



## Ákvörðun nr. 2/2022

### Aðgerð Fjarskiptastofu vegna truflunar á fjarskiptum.

(mál nr. 2021070114)

#### I. Tilurð máls

(1) Síðustu ár hefur í auknum mæli borið á truflunum á farsímasambandi á SV- horni landsins. Truflanirnar eru tilkomnar vegna bilunar í úreltum móttökubúnaði örbylgjuloftneta sem mörg heimili létu setja upp á sínum tíma til að taka á móti útsendingum frá áskriftarsjónvarpi Fjölvarpsins.<sup>1</sup>

(2) Rekstri Fjölvarpsins var hætt 2017, en tugþúsundir loftneta voru uppsett og eru þau enn víða á húsum á höfuðborgarsvæðinu og nærliggjandi sveitarfélögum. Ef loftnetin eru enn í sambandi við rafmagn geta þau sent frá sér merki sem veldur truflunum á fjarskiptasambandi í og við þau hús. Eina leiðin til að uppræta truflunina er að taka niður loftnetin eða taka þau úr sambandi við rafmagn.<sup>2</sup>

(3) Dæmi er um að truflanirnar frá úreltum og virkum loftnetum, sem hafa ekki verið aftengd eða fjarlægð, valdi minni gæðum á farsímasambandi, þ.e. sms-skilaboð komist ekki til skila, símtöl ná ekki í gegn í fyrstu eða þau slitna, og almenn netþjónusta og gagnaflutningur er hægur.

(4) Fjarskiptastofa hefur m.a. það hlutverk að vakta truflanir á fjarskiptum, taka við kvörtunum og grípa til aðgerða þegar þörf er á. Til að sinna þessa hlutverki sínu hefur Fjarskiptastofa í samstarfi við fjarskiptafélögin staðið fyrir átaki til að finna þessar truflanir, og vinna bug á þeim í samráði við húseigendur. Þar sem um viðamikið verkefni er ræða hefur stofnunin þurft að ráða tímabundna starfsmenn til að sinna bilanaleit og verktaka til að aðstoða húseigendur við að aftengja búnað þegar þess er þörf. Þegar hefur stofnunarinnar gert nokkur þúsund loftnet óvirk.<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> PFS (12. júní 2020). Truflanir á farsímasambandi á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Sótt af <https://fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/fr%C3%A9ttir/Truflanir-a-farsimasambandi-a-hofudborgarsvaedinu-og-vidar>

<sup>2</sup> Sama heimild.

<sup>3</sup> Sama heimild.



## II.

### Bréf frá Fjarskiptastofu

(5) Á allnokkrum stöðum þar sem mælingar Fjarskiptastofu sýndu að truflun frá loftneti væri til staðar náðu starfsmenn stofnunarinnar ekki tali af húseiganda eða húsráðanda. Í þeim tilfellum sendi stofnunin bréf á skráða húseigendur.

#### **2.1. Bréf Fjarskiptastofu um aðgerðir vegna bilaðs loftnets, dags. 27. sept. 2021.**

(6) Í bréfi Fjarskiptastofu, dags. 27. sept. 2021, var farið á leit við húseigendur að finna og aftengja aflgjafa lofnetisins hjá sér. Jafnframt leiðbeindi stofnunin um hvar líklegt væri að finna aflgjafann en misjafnt var í húsum hvar hann væri staðsettur. Þá sagði í bréfinu að ef aflgjafinn fundist ekki yrði að fjarlægja örbylgjuloftnetið og að það væri afar mikilvægt að fá fagfólk í verkið svo að tryggt væri að gengið væri svo frá lögnum að ekki hlytist skaði af rafmagni sem gæti verið virkt. Húseigendum var bent á að leita aðstoðar fagaðila við að fjarlægja búnaðinn ef þörf væri á og ætti það sérstaklega við um fjölbýlishús.

(7) Þá sagði í erindinu að þegar búnaður væri aftengdur ætti upplýsa stofnunina um það en einnig að húsráðandi mætti hafa samband við stofnunina til óska eftir frekari upplýsingum eða fá aðstoð starfsmanna hennar við að finna og aftengja umræddan búnað. Að lokum benti stofnunin á að samkvæmt 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 væri það eigandi raffangs eða fjarskiptavirkis, í þessu tilviki örbylgjuloftnets, sem bæri ábyrgð ef það ylli fjarskiptatruflunum. Bæri eigandanum að grípa til viðeigandi ráðstafana, á eigin kostnað, til að uppræta fjarskiptatruflunina sem raffangið eða fjarskiptavirkið veldur. Frestur til að bregðast við erindinu og grípa til þessara aðgerða var veittur til 25. október 2021.

#### **2.2 Boðunarbréf Fjarskiptastofu um fyrirhugaðar aðgerðir vegna truflana á fjarskiptum, dags. 25. nóvember 2021.**

(8) Með boðunarbréfum, dags. 25. nóvember 2021, sem birt voru með stefnuvotti fór stofnunin þess aftur fá leit við nokkra húseigendur, sem ekki höfðu brugðist við fyrra erindi og mældust enn truflanir hjá, um að finna og aftengja aflgjafa lofnetisins. Bréfið var nær samhljóða fyrri fyrirmælum en að auki sagði að ef ekki næðist samkomulag um úrbætur yrði eða ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar gæti hún gripið til einhliða aðgerða á kostnað húseiganda með vísun í 3. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga. Því var þess óskað að haft yrði samband við stofnunina svo að komast mætti hjá mögulegum kostnaðarsömum aðgerðum á vegum stofnunarinnar. Frestur til að bregðast við þessu erindi var veittur til 16. des. 2021.

(9) Aðeins í einu tilfelli var ekki brugðist við þessum fyrirmælum stofnunarinnar en það var vegna truflunar á fjarskiptum að [...] <sup>4</sup>, 101 Reykjavík. Samkvæmt birtingarvottorði var bréfið birt þann 30. nóvember 2021 á lögheimili forráðamanns <sup>5</sup> [...] en félagið er skráð fyrir eigninni. <sup>6</sup>

#### **2.3 Mælingar Fjarskiptastofu að [...]**

(10) Þann 1. sept. 2020 hafði starfsmaður Fjarskiptastofu mælt truflun að [...]. Starfsmaðurinn komst inn á jarðhæð eignarinnar og mældi þar sterka truflun, en fann ekki aflgjafa lofnetisins.

---

<sup>4</sup> Upplýsingar innan hornklofa hafa verið felldar brott vegna trúnaðar. Sama á við um eftirfarandi hornklofa.

<sup>5</sup> Upplýsingar um forráðamann félagsins fengnar frá fyrirtækjaskrá Skattsins.

<sup>6</sup> Upplýsingar um skráðan eiganda fasteignarinnar fengnar frá Þjóðskrá Íslands.



Þann 26. feb. 2021 hringdi rafverktaki á vegum Fjarskiptastofu í húseiganda en ekki var svarað. Aðrar tilraunir starfsmanna Fjarskiptastofu til að ná tali af íbúum að [...] báru ekki árangur.

(11) Þann 7. janúar 2022 fór starfsmaður Fjarskiptastofu aftur að [...] og mældi þar truflun frá örbylgjuloftneti. Mæling fór þannig fram að notað var stefnuvirkt loftnet til að mæla oscillator tíðni loftnetsins og greina hvaðan truflunin kæmi og styrk hennar. Truflunin mældist sterkust í stefnu loftnets á þaki [...]. Biluð örbylgjuloftnet senda út merki á tíðnisviðinu 824-834 Mhz sem veldur truflun á tíðni sem fjarskiptafélagið [...] notar fyrir 4G. Þessi truflun mældist sterk utan við glugga á jarðhæð [...].

### III.

#### Lagaumhverfi

(12) Fjarskipti njóta verndar gegn skaðlegum truflunum samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003 (hér eftir fjarskiptalög), en eitt meginmarkmið laganna er að tryggja örugg fjarskipti hér á landi. Af þessum sökum hafa verið sett sérstök ákvæði í lögum er fjalla um fjarskiptatruflanir, vernd fjarskiptainnviða, forgang fjarskipta þegar um er að ræða truflanir frá öðrum mannvirkjum og stjórnsýsluleg úrræði Fjarskiptastofu til þess að bregðast við og koma í veg fyrir fjarskiptatruflanir.

#### 3.1 Um 64. gr. fjarskiptalaga

(13) Samkvæmt 64. gr. fjarskiptalaga er það á valdi stofnunarinnar að meta hvort hlutir, þ.e. fjarskiptavirki eða rafföng, valda skaðlegum fjarskiptatruflunum, mæla fyrir um úrbætur, og eftir atvikum að gera ráðstafanir til að slíkar úrbætur gerðar.

(14) Ákvæðinu var breytt með lögum, nr. 34/2011, um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003. Með breytingunni var stofnuninni veittar viðhlítandi valdheimildir og ákvæði útvíkkað svo að það næði einnig til skaðlegra truflana frá rafföngum á fjarskiptavirki. Í athugasemdum við frumvarpið er vísað til 28. tl. 3. gr. fjarskiptalaga við skilgreiningu á því hvað telst vera skaðleg truflun en það telst vera truflun sem setur í hættu, rýrir alvarlega, hindrar eða truflar endurtekið þráðlausa fjarskiptaþjónustu, þ.e. þjónustu sem felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, þ.m.t. net fyrir hljóðvarp, sbr. 15. tl. 3. gr., sbr. og 13. tl. greinarinnar.

(15) Þá sagði jafnframt eftirfarandi í athugasemd við 10. gr. frumvarps laga nr. 34/2011:

„Þannig gerir tillaga frumvarpsins ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun verði falið að meta hvort hlutir valdi skaðlegum fjarskiptatruflunum og ákveða til hvaða viðeigandi úrbóta þurfi að grípa. Ákvæðið gerir ráð fyrir að eigandi hlutarins sem veldur hinni skaðlegu truflun beri kostnaðinn við nauðsynlegar úrbætur. Til að eigandi hlutar sem veldur skaðlegri truflun beri kostnað við nauðsynlegar úrbætur þarf fyrst að sanna, samkvæmt núgildandi lögum, að truflanirnar stafi af gáleysi hans. Telja verður slíkt fyrirkomulag of þungt í vöfum. Ljóst er samkvæmt gildandi lögum, og hefur verið um langan tíma, að fjarskiptavirki nýtur forgangs þegar kemur að því að notkun þess og annars tækis eða hlutar er ósamrýmanleg á sama stað á sömu stundu. Undir slíkum kringumstæðum og ef um skaðlega truflun er að ræða ber að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi hinn hlutinn, þ.e.



truflunarvaldinn, þannig að honum sé breytt, hann færður úr stað eða fjarlægður. Með tilliti til þessarar rötgrónu reglu þykir eðlilegt að fella hlutlæga ábyrgð á eiganda hlutarins til þess að bera kostnað við nauðsynlegar úrbætur til að koma í veg fyrir fjarskiptatruflunina.”<sup>7</sup>

(16) Í 1. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga er fjallað um þau tilvik þegar fjarskiptavirki eða rafföng trufla fjarskipti, en þar segir að stofnunin geti látið innsigla þau, eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að þau skuli afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin eða rafföngin valda skaðlegum truflunum á fjarskiptum eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

(17) Í 2. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga segir að ef rafföng, tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis sé Fjarskiptastofu heimilt að beina fyrirmælum til eiganda slíks hlutar um að hann grípi á eigin kostnað til viðeigandi úrbóta án tafar, taki t.d. niður, færi eða fjarlægji viðkomandi hlut sem veldur skaðlegri truflun.

(18) Samkvæmt 3. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga ef ekki næst samkomulag um úrbætur eða ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar um úrbætur til að koma í veg fyrir hina skaðlegu truflun getur hún gripið til viðeigandi aðgerða einhliða og á kostnað eiganda. Slík krafa um kostnað er aðfararhæf skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

(19) Þá segir í 4. gr. 64. gr. fjarskiptalaga að ef þörf er á getur Fjarskiptastofa leitað atbeina lögreglu sem er skylt að aðstoða stofnunina við þær aðgerðir sem greint er frá í 1. og 2. mgr.

#### IV.

##### Niðurstaða

(20) Fjarskiptastofa hefur mælt sterka truflun á fjarskiptum og stefnumiðun mælitækja bendir til truflunar frá örbylgjuloftneti á þaki [...] en biluð örbylgjuloftnet senda út merki á tíðnisviðinu 824-834 Mhz sem veldur truflun á tíðni sem notuð er fyrir 4G samband.

(21) Líkt og áður er rakið hafa starfsmenn Fjarskiptastofu ítrekað reynt setja sig í samband við íbúa eða húseiganda [...] til að fá aðgengi að húseigninni og koma í veg fyrir hina skaðlegu truflun en þær tilraunir hafa ekki borið árangur.

(22) Að mati Fjarskiptastofu er fullreynt að ná tali af eiganda eignarinnar eða fyrirsvarsmanni. Þá staðfesta mælingar Fjarskiptastofu þann 7. janúar 2022 að fyrirmælum stofnunarinnar um úrbætur sem beint var að skráðum eiganda, bréf dags. 27. sept. og 25. nóv. 2021., hefur ekki verið sinnt. Í síðara bréfinu boðaði stofnunin að hún gæti þurft að grípa til einhliða aðgerða ef ekki yrði brugðist við erindinu og haft samband við stofnunina.

(23) Þar sem engin viðbrögð frá eiganda hússins hafa borist við fyrirmælum stofnunarinnar um úrbætur er henni nauðugur sá kostur að uppræta hina skaðlega truflun með því að grípa til

---

<sup>7</sup> Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, með síðari breytingum (samskiptaáætlun, stjórnun og úthlutun tíðna o.fl.). Þskj. 149, 136. mál. 139. Löggjafarþing, 2010-2011.



einhlíða aðgerða að [...]. Fjarskiptastofa mun því fá fagaðili til að aftengja og fjarlægja örbylgjuloftnetið á þaki hússins. Sá kostnaður sem að fellur til vegna þessara aðgerða skal eigandinn bera, sbr. 3. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga.

### *Ákvörðunarorð*

1. Örbylgjuloftnet á þaki [...] 101 Reykjavík í eigu [...] verður fjarlægt af Fjarskiptastofu til að uppræta skaðlega fjarskiptatruflun, sbr. 3. mgr. 64. gr. fjarskiptalaga.
2. Eigandi fasteignarinnar að [...], [...], skal bera þann kostnað sem til fellur vegna þessarar aðgerðar, sbr. 3. mgr. 64. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.
3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 20. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

*Fjarskiptastofa, 21. janúar 2022*

---

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

---

Arnar Stefánsson